



Landpóstur

Landpóstur sinnir aðallega afhendingu á pósti en tekur einnig á móti sendingum til póstlagningar og það má líta svo á að landpóstur sé n.k. póstafréiðsla á hjólum. Landpóstur dreifir öllum skráðum sendingum léttari en 20 kg og/eða 0,125 m³ heim til viðtakanda. Ef sending berst sem er umfram þessi þyngdar/stærðarmörk þá skal pósthús hafa samband við viðskiptavin og bjóða honum að sækja sendinguna eða fá hana ekna heim gegn gjaldi. Landpóstar sjá einnig um og sinna dreifingu til fáeinna þéttbýlisstaða þar sem pósthús eru ekki starfandi. Dreifing er almennt annan hvern dag, 2-3x í viku á hvert heimili í dreifbýlinu.

Verkefni landpósta er að sinna dreifingu á öllum sendingum og bréfum sem falla undir alþjónustu, sbr. lög um póstpjónustu nr. 19/2002 og síðari breytingar sem gerðar hafa verið á póstlögum ásamt reglugerðum sem þeim fylgja.